

Sýnataka Umhverfisstofnunar vegna Funamálsins hafin víða um land:

Mælingar á díoxíni hafnar

UMHVERFISMÁL Sýnataka úr jarðvegi og sjávarseti til mælingar á díoxíni og fleiri efnum er hafin á vegum Umhverfisstofnunar.

Umrædd svæði fyrir jarðvegs-sýnatöku eru í grennd við starfandi og aflagðar sorpbrennslur, sorpflokkunarstöð, stærstu verksmiðjur, í nokkrum brennstæðum fyrir árlegar opnar brennur auk þess sem sýni verða tekin á tfu viðmiðunarstöðum þar sem ekki er að vænta díoxíns af manna völdum.

Sýni úr sjávarseti verða tekin í Skutulsfirði og á viðmiðunarstað. Við sýnatökuna er gengið út frá



FUNI Á ÍSAFIRÐI Mesta díoxín-mengunin er talin finnast í nágrenni við sorpbrennsluna Funa og sérstök áhersla er lögð á sýnatöku í Skutulsfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

því að taka jarðvegssýnin á lítt röskuðu landi undan gróðurþekju

þar sem tún eða gras er ekki slegið og jörð ekki of blaut. Undantekning er þó Engidalur, inn af Skutulsfirði, þar sem einnig verður tekið sýni til samanburðar undan túni sem slegið er reglulega.

Verkis í samvinnu við rannsóknarþjónustuna Sýni hefur tekið að sér sýnatökuna og mun sjá til þess að mælingar fari fram í sýnunum. Mælingarnar munu fara fram hjá rannsóknarstofunni Eurofins. Sýnatökunni lýkur á næstu tveimur vikum og er niðurstaðna að vænta eigi síðar en 20. júní næstkomandi.

- shá

